

sonar. Áfrýjandi greiði hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, að upphæð 30 kr.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 15. nóvember 1915.

Nr. 20/1915:

Ágúst Gíslason  
gegn

Páli Sigurðssyni.

#### D ó m u r :

Áfrýjandi þessa máls, Ágúst Gíslason útvegsbóndi í Vestmannaeyjum, tók peningalán 22. nóv. 1912 í veðdeild Landsbankans, fyrir hönd og í umboði stefnda Páls Sigurðssonar öikumanns sama staðar, og greiddi lánsupphæðina að frádregnum kostnaði, kr. 933,50 inn í reikning stefnda við Edinborgarverzlun, samkvæmt ávísun dags. 16. nóv. 1912, er verzlunin hafði í höndum. Stefndi taldi þessa greiðslu til verzlunarinnar heimildarlausu, og lögsótti áfrýjanda fyrir aukarétti Vestmannaeyjasýslu til að standa sér skil á lánsupphæðinni með 5% ársvöxtum frá 22. nóvember 1912 til greiðsludags, og urðu úrslit málsins þau með dómi aukaréttarins, uppkveðnum 9. janúar þ. á., að ef stefndi synjaði fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning í varnarþingi sínu,

að hann hefði gefið neinum heimild til að skrifa nafn sitt undir fyrgreinda ávísun, skyldi áfrýjandi skila honum kr. 933.50, auk 5% ársvaxta frá 22. nóv. 1912 til greiðsludags og greiða honum 30 kr. í málskostnað, en ynni stefndi ekki eiðinn, skyldi áfrýjandi vera sýkn af kröfum hans og málskostnaður falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. marz þ. á. og gert þær kröfur, að dóminum verði breytt þannig, að áfrýjandi verði algerlega sýknaður í málinu og stefndi sektaður fyrir óþarfa þrætu. Ennfremur hefir hann í sambandi við aðalmálið áfrýjað eiðsmáli, er stefndi hóf til að vinna eið samkvæmt dómnum, en var ekki leitt til lykta, og krafðist þess að úrskurður, sem gekk í eiðsmálinu 20. marz þ. á. og öll meðferð þess verði dæmd ógild; svo krefst hann og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirrétti í báðum málunum, eftir mati yfirdómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og mótmælir kröfu áfrýjanda um ónýting eiðsmálsins. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Ávísunin, er fyr getur, hljóðar svo: »Hérmeð ávísá eg undirritaður verzluninni Edinborg upphæð þeirri, sem kann að fást úr veðdeild Landsbanka Íslands út á húseign mína hér í Eyju, nefnt Laufholt«. Undir ávísun þessa er ritað nafn stefnda handsalað »(H. S.)«, og nöfn tveggja vitundarvotta. Stefndi neitar því eindregið, að hann hafi leyft neinum eða handsalað, að skrifa nafn sitt undir ávísunina, og hann



neitar því og að hann hafi beðið áfrýjanda eða leyft honum að greiða Edinborgarverzlun lánsupphæðina.

Maður sá, sem ritaði nafn stefnda undir ávísunina, Kristmann Agnar Þorkelsson, yfirfiskimatsmaður, hefir verið yfirheyrður sem vitni í málinu og borið það, að stefndi hafi handsalað sér, í viðurvist vitundarvottanna, að rita nafn hans undir ávísunina og að ávísunin hafi verið lesin upp fyrir stefnda áður en hún var undirskrifuð. Vitni þetta vann þó eigi eið að framburði sínum, með því að dómarrinn úrskurðaði samkvæmt mótmælum stefnda, að vitnið mætti ekki bera vitni í málinu og hefir þeim úrskurði eigi verið áfrýjað. Vitundarvottarnir á ávísuninni, Jes A. Gíslason prestur og Guðni H. Johnsen verzlunarmaður, báru og vitni um undirskriftirnar, samhljóða skýrslu fyrgreinds vitnis og var framburður þeirra tekinn jafngildur og staðfestur væri með eiði. Stefndi hefir þó mótmælt því, að vitnisburðir þessir komi til álita, með því að vitnunum báðum sé málið svo skylt, að þau geti eigi talist gild, þar sem Jes A. Gíslason sé mágur verzlunarstjórans við Edinborgarverzlun og hafi verið í hans stað um það leyti sem ávísunin var gefin út, og Guðni H. Johnsen sé bróðir verzlunarstjórans og hafi verið í þjónustu verzlunarinnar um sama leyti. En þessi andmæli gegn vitnunum geta eigi varðað neinu í þessu máli, því að þó vitnin séu vandabundin verzlunarstjóra Edinborgarverzlunar og þó að þau hafi verið í þjónustu verzlunarinnar, þá sýnir það eigi að þau séu á neinn hátt viðriðin þetta mál eða aðila þess, svo að heimild sé fyrir þá sök til að gera þau ræk eða

draga úr gildi vitnisburða þeirra, enda verður eigi heldur séð, eins og málið er vaxið, að úrslit þess komi að neinu leyti við hagsmuni Eðinborgarverzlunar eða vitnanna sjálfra. Vitnisburði þessa verður því að telja gilda, og skýrsla Kristmanns A. Þorkelssonar styrkir þá, þótt eigi sé stafest með eiði, svo og það að stefndi hefir tvisvar, við áramót 1913 og 1914 meðtekið reikning frá Eðinborgarverzlun, þar sem lánsupphæðin er tilfærð, og þó eigi, svo sannað sé, fundið neitt að því.

Samkvæmt þessu verður að telja það sannað, að áfrýjandi hafi greitt áminst veðdeildarlán í reikning stefnda við Eðinborgarverzlun eftir fyrirmælum hans og ávísun, og skiftir það eigi máli, þótt nafn áfrýjanda væri eigi greint í ávísuninni eða hún stíluð á hans nafn. Það ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Það leiðir af þessum úrslitum aðalmálsins, að fella verður úr gildi samkvæmt kröfu áfrýjanda hinn áfrýjaða úrskurð í eiðsmálinu og ómerkja það mál í heild sinni.

Það þykir eigi næg ástæða til, eftir kröfu áfrýjanda, að sekta stefnda fyrir ástæðulausa málsókn, en honum ber að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, er ákveðst 60 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Ágúst Gíslason, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Páls Sigurðssonar, í þessu máli.



Hinn áfrýjaði úrskurður í eiðsmálinu og öll meðferð þess á ómerk að vera. Stefndi greiði áfrýjanda 60 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. nóvember 1915.

Nr. 37/1915.

Magnús Sigurðsson  
f. h. Die Pommersche-Provinzial-  
Zucker-Siederei i Stettin  
gegn  
h/f. P. J. Thorsteinsson & Co.

D ó m u r :

Samkvæmt kaupseðli dags. 29. jan. 1912 keypti stefndi í þessu máli, hlutafélagið P. J. Thorsteinsson & Co. hér í bænum, af áfrýjanda Die Pommersche-Provinzial-Zucker-Siederei i Stettin meðal annars 400 hálfkassa af melis, 25 kilogr. að þyngd hvern, fyrir 21,75 mörk hver 50 kilogr. komin á skipsfjöl i Stettin í marzmánuði nefnt ár, en ef það drægist fram yfir ákveðinn tíma að sykurinn yrði tekinn, skyldi verðið hækka um  $\frac{1}{8}$  marks fyrir hver 50 kilogr. hverja 2 mánuði fram til septembermánaðar, að honum meðtöldum. Það fórst fyrir að stefndi tæki meira af af þessum sykri en  $\frac{100}{2}$  kassa, og út af því höfðaði áfrýjandi þetta mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda til skaðabóta fyrir halla, er hann hafði